

**Hitamælingar á landareign Hraunbæjar,
Hveragerði**

**Bjarni Richter,
Kristján Sæmundsson**

Greinargerð BR-KS-2003-05

Hitamælingar á landargeign Hraunbæjar, Hveragerði

Bjarni Richter
Kristján Sæmundsson

Að beiðni Guðmundar F. Baldurssonar, bæjartæknifræðings Hveragerðisbæjar, fór starfsmaður Orkustofnunar að kanna hitadreifingu í jörðu á landareign Hraunbæjar, vestan við Hótel Örk, Hveragerði

Ástæða þessarar könnunar er að fyrirhugað er að reisa íbúðarhús á þessari landareign. Vitað er um hita í jörðu skammt austan lóðamarka, þar sem hiti hefur mælst vel yfir 20°C á stöku stað (1. mynd). Var því ráðist í að fá starfsmann Orkustofnunar til að hitamæla hið fyrirhugaða byggingarland, með tilliti til þess hvort einhver hluti þess sé heitur, svo taka þurfi tillit til þess við skipulag. Eins og fram kemur í greinargerð frá því fyrr á árinu (Bjarni Richter og Kristján Sæmundsson 2003) er miðað við að ef hiti 60 cm í jörðu fari yfir 15-20°C, þurfi að gera sérstakar ráðstafanir vegna nýbygginga.


Þann 14. apríl síðastliðinn var mælt á landareigninni þannig að rekinn var járnþinni 60 cm ofan í jörðu og hitamælt nokkrum mínútum síðar í holunni. Mælt var eftir neti með 25 metra millibili yfir syðsta og austasta hluta lóðarinnar þar sem því varð við komið. Nyrðri og vestari hluti lóðarinnar var mældur eftir 50 metra neti. Þar sem nokkuð þurrt hafði verið undanfarið var ekki reiknað með að leiðrétta þyrfti hitamælingar að ráði fyrir nyrðri og vestari hluta lóðarinnar, en þar sem syðri og austari hluti landareignarinnar liggur neðar var enn nokkur raki í jörðu á stöku stað. Þó er ekki reiknað með að þar þurfi að leiðrétta svo neinu nemi. Búast mætti því við að ekki þurfi að bæta við nema um 5°C við mældar hitatölur.

Niðurstöður þessara mælinga má sjá á 1. mynd.

Niðurstaða þessarar athugunar er nokkuð skýr. Hvergi fór hitinn yfir u.þ.b. 8°C og var víðast hvar nokkru lægri. Á einum stað mældist 15,6°C en eftir að hafa athugað það nánar kom í ljós að það var nærri hitaveitulögnum og sú mæling því ekki marktæk. Því virðist sem þetta landsvæði sé utan jarðhitasvæða í Hveragerði og landið sé vel byggingarhæft frá því sjónarmiði.

Heimildir:

Bjarni Richter, Kristján Sæmundsson 10-04-2003 **Hitamælingar á lóðunum Breiðamörk 5, 7 og 9 og Heiðamörk 40 og 42, Hveragerði OST GRG BR-KS-2003/04 2 s.: myndir**



1. mynd. Hitadreifing á 60 cm dýpi á landi Hraunbæjar, Hveragerði. Ekki hefur verið leiðrétt með tilliti til kælingar utandyra.